

Reglugerð KSÍ um ferðapáttökugjald 2020-2022

1. grein.

Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks skulu greiða ferðapáttökugjald skv. reglugerð þessari. Reglugerðinni er ætlað að stuðla að auknum jöfnuði félaga gagnvart ferðakostnaði.

2. grein.

Ferðapáttökugjald skal reiknað af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils skv. vegalengd milli leikstaða fyrir efstu deildir karla og kvenna, 1. deild karla og kvenna, 2. deild karla og kvenna, 3. deild karla og 4. deild karla. Ferðapáttökugjaldið skal reiknað út sameiginlega fyrir allar deildir (karla og kvenna) við útreikning kostnaðar hvers liðs. Við útreikninga skal miða við kílómetragjald sem stjórn KSÍ ákveður fyrir keppnislið í heild sinni. Vegalengdir milli keppnisstaða eru reiknaðar miðað við akstur milli leikstaða samkvæmt uppgefnum fjarlægðum á vef Vegagerðarinnar.

Viðmiðunargjaldið fyrir árið 2020 er 200 kr. pr. kílómetra, greiðsluhlutfall 85%.

Viðmiðunargjaldið fyrir árið 2021 er 250 kr. pr. kílómetra, greiðsluhlutfall 100%.

Viðmiðunargjaldið fyrir árið 2022 er 300 kr. pr. kílómetra, greiðsluhlutfall 100%.

3. grein

Við útreikning kostnaðar hvers liðs skal miða við vinnureglur ÍSÍ um úthlutun úr Ferðasjóði Íþróttafélaga þar sem m.a. er kveðið á um að einungis ferðir sem mælast 150 km eða meira aðra leið, teljist styrkhæfar ferðir. Ferðir eru reiknaðar í fjarlægðum, út frá aðsetri viðkomandi liðs og að keppnisstað.

Miða skal við eftirfarandi stuðla í útreikningi ferðajöfnunargjalds:

Landsbyggð	Stuðull
Austurland	1,0
Vestfirðir	1,0
Norðurland	0,9
Suðurland	0,75
Snæfellsnes	0,75
Höfuðborgarsvæðið	0,6

4. grein.

Nettókostnaður vegna ferðapáttökugjalds á hvert lið umfram kr. 75.000,- fyrir árið 2020, umfram kr. 120.000,- fyrir árið 2021 og umfram kr. 150.000,- fyrir árið 2022 verður greiddur af KSÍ. Gera skal grein fyrir viðmiðunum og breytingum á ferðajöfnun í tillögu að fjárhagsáætlun hvers árs og greinargerð með fjárhagsáætlun.

5. grein.

Ferðapáttökugjaldið skal greitt eigi síðar en 15. maí ár hvert og skal upphæðin vera nettó kostnaður á hvert félag fyrir sig. Greiði félag ekki ferðapáttökugjald innan tilsettra tímamarka skal það greiða sekt til KSÍ kr. 5.000,- pr. dag frá 17. maí til greiðsludags. Félög sem eignast inneign skulu fá hana greidda skv. útreikningi mótanefndar og er gjalddagi þeirra greiðslna 1. júní og 1. september ár hvert.

Ákvæði til bráðabirgða 2020

6. gr.

Nettókostnaður vegna ferðapáttökugjaldsins á hvert félag fyrir árið 2020 verður greiddur af KSÍ eigi síðar en 30. júní 2020.

Samþykkt af stjórn KSÍ þann 28. maí 2020